

Þeim var ek verst: Líadan og Cuirithir í Laxdælu

Myndin er kynleg: Bolli spyr móður sína hverjum hún hafi unnað mest. Uppúr þurru? Nei, spurninguna hefur oft borið á góma: „Fast skorar þú þetta, sonr minn, ... en ef ek skal þat nokkurum segja, þá mun ek þik helzt velja til þess.“¹ Textinn er skrifaður á undan sjálfum sér, það vita allir hverju hún svarar og hafa alltaf vitað, það er eins og Guðrún hafi sí og æ verið að fást við þessa árás á friðhelgi sína þau rúm tvö hundruð ár sem liðu frá því sagan var fyrst sögð og þangað til hún komst á skinn og svarið alltaf jafn órátt. Frásögnin er tímalaus, hún er þegar til staðar þegar lesandinn byrjar að lesa söguna, henni lýkur ekki þótt sögunni ljúki. Alltaf svarar Guðrún á máli kvenna, og alltaf botnar sonur hennar karlaröddu: „Þat hyggju vér,“ segir hann spekingslega, „at nú sé sagt alleinarðliga.“² Og móðir hans brosir: hann ber ekki skynbragð á orðræðu kvenna. Eða öllu heldur, hann heyrir ekki þegar konur tala mál sitt, það er huldumál, merkingarlaust, hljóðlaust. Í þessu tilfelli er það meira að segja írska, mál eldri ambáttanna. Tvöföld málleysa kvenþrælsins, *ber double subalternity*.

Þegar sögur taka að fyrnast, visna fyrst fíngerðustu textatengslin. Í öndverðu var sagan sögð af fólki sem þekkti rödd hennar og augnaráð, orð hennar lifandi, nöfn og atvik úr myndaalþúmum sveitarinnar. Hvernig hún raulaði fyrir munni sér þessi gömlu lög. En eftir tvö hund-

¹ Laxdæla 78. kap. bls 228. Allar tilvitnanir í Laxdælu eru í útgáfu Einars Ól. Sveinssonar, Íslenzk fornrit V. bindi.

² Sami staður.

ruð ár er fátt eftir nema dauður bókstafur, rómurinn þagnaður. Enginn eftir sem kann írsku í Dölum.

Hve lengi var írsku töluð á Íslandi? „Þeir fóru síðan á braut,“ segir Ari, „af því at þeir vildu eigi vesa hér við heiðna menn.“³ Hvert fóru þeir á braut? Vestur á land? Seinni tíma menn hafa túlkað Ara svo, að hér væri um einsetumunka að ræða. En það segir Ari hvergi, hann talar um *papa*, sem eru *menn kristnir*; en í fornmáli merkir *menn* karlmenn og konur, og gerir það reyndar enn. Bækurnar írsku, bjöllur og baglar eru merki um trúariðkun þeirra, en segja ekkert til um samfélagsform. Ari nefnir ekki fjölda þeirra, en Gwyn Jones talar fyrir hönd fræðimanna síns tíma þegar hann segir „their numbers would be tiny, hardly a hundred all told.“⁴ Vandséð hvaðan hann hefur þessar tölur.

Hvort tungumálið, írsku eða norræna, var Unni djúpúðgu tamara á tungu? Hún hafði fylgt föður sínum Katli flatnef til Skotlands og dvalið þar langdvölum með írskumælandi mönnum, og talaði eflaust írsku við húskarla sína og konur sem fylgdu henni til Íslands. Ýmislegt bendir til þess að landið sem hún nam í Breiðafirði hafi þegar verið írskt dreifbýli sem beið eftir komu hennar. Bróðir hennar Björn Ketilsson flatnefs hafði komið út án þess að ilendast í Skotlandi og bjó í Bjarnarhöfn á meðan systir hans kvæntist og átti börn og barnabörn meðal gelískra. Höfundur Laxdælu segir án skýringar að Björn hafi verið kallaður Björn hinn austræni;⁵ samkvæmt Landnámabók fór hann „vestr um haf“ (þ.e. til Skotlands) „og vildi þar ekki staðfestask; því var hann kallaðr Björn enn austræni.“⁶ Orsakasamhengið í Landnámu er torskilið nema nafnið vísi til þess að hann hafi verið sérlega norrænn í háttalagi og ekki kunnað írsku, og að slíkt hafi þótt í frásögur færandi í Breiðafirði. Enda var hann „einn ... óskírðr barna Ketils flatnefs.“⁷ Björn er forfaðir Guðrúnar Ósvífursdóttur; Unnur er formóðir bæði Kjartans og Bolla.

Trúariðkun Unnar og föruneysis hennar mun hafa verið írsk, og írsku

³ Íslendingabók 1. kap. Íslensk fornrit 1.bindi fyrri hluti, bls 5. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenszka fornritafélag, 1968.

⁴ Gwyn Jones, *The Norse Atlantic Saga*. London: Oxford University Press, 1964; bls. 10.

⁵ Laxdæla 3. kap. bls. 6.

⁶ Landnámabók. Íslensk fornrit 1.bindi fyrri hluti, bls 122. Hafa ber í huga að keltneska tungumálið sem talað var í Skotlandi um þessar mundir var írsku; verulegur munur á skoskri og írskri gelísku kemur kemur ekki fram í handritum fyrr en á 16 öld.

⁷ Sami staður.

tungumál daglegs lífs a.m.k. til jafns við norrænu. En þegar fram líða stundir tekur norræna yfirhöndina. Norrænir menn á Írlandi ráku mikla þrælasölu⁸ sem breiðfirskir landeigendur nutu góðs af og fluttu inn þræla og konungadætur í Dali vestur. Írska verður mál þræla og kvenna, undirmálsfólks sem ekki heyrir, *the subaltern*. Höskuldur *heyrir Melkorku ekki* fyrir en hann gerir sér grein fyrir því að sonur þeirra, hinn gjörvilegi Ólafur pá, mælir á tungu hennar; „fær hann þá skilit, at hon var eigi mállaus, því at hon talaði þá mart við sveininn.“⁹ Hér koma saman í einni svipan þrír grunnþættir þeirrar bókmenntarýni sem kennd er við eftirnýlendufræði: þjóðernisleg og kynferðisleg *undirmæli*¹⁰ og tungumálið sem birtingarmynd þess. Helga Kress hefur gert grein fyrir þögn kvenna í Laxdælu, fyrst í grein sinni „Mjök mun þér samstaft þykkja,“ (1980), og aftur í riti sínu *Máttugar meyjar* (1993), þar sem hún fjallar nánar um þetta atriði í kaflanum um Laxdælu, bls. 137–147.¹¹

Írsk nöfn fylgja Guðrúnu Ósvífursdóttur, og einnig germönsk nöfn með sterka írsku skírskotun. Faðir hennar ber nafn þess engilsaxneska konungs sem hvað einarðlegast studdi írsku kristni um miðbik 7. aldar og varðist nýjum siðum frá Róm: það var Oswiu konungur af Norðymbralandi, sem fyrstur engilsaxneskra réð yfir keltnesku ríkjunum Rheged og Dal Riada.¹² Langamma Guðrúnar, amma Ósvífurs, hét írsku nafninu Kaðlín (Caithlin). Faðir Kjartans, Ólafur pá, er sveinninn sem lærði írsku hjá móður sinni í túnfætinum heima í Hjarðarholti; Kjartan virðist bera nafn írskis afa síns, Muirceartach, Mýrkjartan (sjá þó hér á eftir). Það er enn sterk írsk undiralda í sveitinni á tímum Guðrúnar.

⁸ Í *Gaelic Influence in Iceland* (2. útg., Reykjavík: University of Iceland Press, 2000, bls. viii og 30–34) nefnir Gísli Sigurðsson að miðstöð þrælasölu hafi á 9. og snemma á 10. öld verið í Dyflinni.

⁹ Laxdæla 13. kap. bls. 27.

¹⁰ Ég leyfi mér að nota orðið *undirmæli* til að tákna það sem á ensku hefur verið kallað *subalternity*, það að vera í lægri þjóðfélagsstöðu. Íslenska orðið vísar bæði til undirmálsstöðu manna og óæðra tungutaks eða tungumáls þeirra. Af hugtakinu *the subaltern*, þ.e. þær stéttir sem lúta forræði ráðandi stétta, er einnig leitt hugtakið *subalterneity* (með -e-) sem vísar til þeirrar heimsmýndar sem verður til við þessar aðstæður.

¹¹ Helga Kress, „Mjök mun þér samstaft þykkja“ *Konur skrifa: til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*, Reykjavík: Sögufélagið 1980, bls. 97–109; *Máttugar meyjar*, Reykjavík, Háskólaútgáfan, 1993.

¹² Höfundur hinnar íslensku 15. aldar *Sögu Ósvalds konungs hins belga* kallar hann Ósvinnus, en Ósvaldur var eldri bróðir hans.

Líklegt má telja að Guðrún og konungsdóttirin írsku, Melkorka amma Kjartans, hafi oft skrafað saman. E.t.v. kviknaði fyrst útþráin hjá Guðrúnu við þau kynni.¹³ Írsku ambáttirnar (gamalt keltneskt tökuorð í germönsku) sem sinntu Guðrúnu ungri heima að Laugum í Sælingsdal hafa líklega sungið á írsku. Og gamlar konur raula sönglög úr æsku sinni, ekki síst þegar þær eru spurðar nærgöngulla spurninga sem koma ekki einu sinni sonum þeirra við, ekki síst þegar söngurinn segir allt sem segja þarf: *an ro carus ro cráidius*. Djúpur harmur er greyptur í knappa andstæðu orðanna sem hljóma af krafti enn þann dag í dag, þótt sönglagið hafi glatast. Og merking ljóðsins hefur verið sveitungum Guðrúnar ljós, því tvö hundruð árum seinna komst hún á skinn, nú orðin rammíslensk. *Þeim var ek verst er ek unna mest*.

Í grein sinni „Gunnlöð og hinn dýri mjöður“¹⁴ ræðir Svava Jakobsdóttir um útbreitt minni með indógermönskum þjóðum, gyðju sem er tákngerving konungsvaldsins, veitir nýja konungsefninu mjöð eða drykk úr brunni og samrekkir honum. Rory McTurk gerir grein¹⁵ fyrir áberandi hliðstæðum milli sögunnar um Guðrúnu Ósvífursdóttur og írsku sagnanna um Hina ófrýnilegu kerlingu, tákmynd hins aldna konungsveldis, sem verður að fallegri ungri konu í faðmlögum nýs konungsefnis. McTurk víkur einnig að skoðunum Ármanns Jakobssonar þess efnis að Kjartan Ólafsson birtist í Laxdælu sem konungsigildi,¹⁶ og í framhaldi varpar McTurk fram þeirri hugmynd að Guðrúnu megi virða sem tákngervingu Íslandsveldis; reyndar hefur Svava þegar bent á að „Guðrúnu Ósvífursdóttur [megi] líklega telja í þessum hópi“ (þ.e. í hópi kvenna með eiginleika konungsgyðjunnar).¹⁷ Aðrar hliðstæður samkvæmt McTurk koma fram m.a. í samskiptum beggja kvenna við fjögur mannsefni, auk hins fimmta sem skarar fram úr hinum; í fundarstað þeirra beggja og hetjunnar, Guðrúnar við Sælingsdalslaug en kerlingarinnar við vatns-

¹³ Eins og Helga Kress bendir á, voru vonbrigði mikil og gremja hjá Guðrúnu þegar Kjartan neitaði að taka hana með sér út (*Máttugar meyar*, bls. 141; Laxdæla, bls. 114–5.)

¹⁴ *Skírnir* 162 (1988), bls. 215–245 (bls. 220).

¹⁵ Rory McTurk, „Guðrún Ósvífursdóttir: An Icelandic Wife of Bath?“ *Sagnabeimur. Studies in Honour of Hermann Pálsson*. Ásdís Egilsdóttir og Rudolf Simek (ritstj.). Studia Mediaevalia Septentrionala Bd. 6. Wien: Fassbaender 2001. bls. 175–194.

¹⁶ Ármann Jakobsson, „Konungasagan Laxdæla“ *Skírnir* 172 (1992), bls. 357–83; *Í leit að konungi*, Háskólaútgáfan 1997 (bls. 301).

¹⁷ Sama rit, bls. 236. Í „Skáldskapur og fræði“ segir Svava um Guðrúnu: „Hún var hin heiðna sál lands og þjóðar.“ *TMM* 1999:4, bls. 52–61 (bls. 61).

brunn; og í þeirri áherslu sem sögurnar leggja á höfuðföt kvennanna: höfuðfati Guðrúnar er lýst við ýmis tækifæri í sögunni, og motur sá sem Ingibjörg konungssystir ætlar henni¹⁸ leikur stórt hlutverk í framvindu sögunnar. Írska orðið *cailleach* (kerling¹⁹) vísar til höfuðfats sem heitir *ca-ille*, motur eða höfuðlín sem nunnur bera. Enda gerist Guðrún „fyrst nunna á Íslandi ok einsetukona,“ segir í Laxdælu.²⁰

Hin ófrýnilega kerling kemur fram í ýmsum gervum í írskum sögum.²¹ Helsti fulltrúi þeirra, og sá sem McTurk teflir helst fram í grein sinni, er *Cailleach Bhéara* eða Kerlingin af Beare, sem harmar elli sína í kvæði frá 11. öld.²² Kerling þessi er af ættflokki sem hét Corcu Duibne, en ábótinn Fín-án Cam, sem var uppi um 600, hafði samkvæmt lausamálsfrásögn sem fylg-ir kvæðinu lagt svo á, að Corcu Duibne fólkið skyldi ætíð hafa í sínum röð-um undursamlega nunnu eða kerlingu. Meðal þeirra frægu nafna Corcu Duibne fólks sem írski textinn nefnir eru skáldkonan Líadan og ástmaður hennar, skáldið Cuirithir. Og nú berast leikar aftur vestur í Dali.

Hermann Pálsson ræðir um uppruna nafnsins Melkorka í grein sinni „Um írsk atriði í Laxdæla sögu“ frá 1964.²³ Þar hafnar hann skýringum Einars Ól. Sveinssonar og Whitley Stokes um að nafnið komi af *Mael-Curaich* („þjónustukona dýrlingsins Curach“), og lætur sér detta í hug *Mael-Corcræ* sem „kemur fyrir á Írlandi um það leyti, sem Ísland var að byggjast“ og merkir hin purpuralitaða þjónustukona. Glöggur lesandi hefur e.t.v. þegar tengt saman nöfnin Melkorka og Corcu Duibne, en því miður eru annmarkar á þeirri skýringu: heitið *corcu* (ættflokkur, þjóð)²⁴ kemur fyrir sem fyrri liður fleiri ættflokka svo sem Corcu Laigde og

¹⁸ Laxdæla 43. kap. bls 131.

¹⁹ Orðið merkir upprunalega „nunna, sú sem ber höfuðfat nunnunnar“, en um það leyti sem írsku handritin sem hér koma við sögu voru samin varð orðið algengt í merkingunni „kerling“ og er svo enn þann dag í dag.

²⁰ Laxdæla 78. kap. bls 228.

²¹ Í íslenskum sögum er tíðum sagt frá ófrýnilegum tröllskessum (sbr. Helga Kress, *Mátugar meyjur*, 5. kafla, bls. 119–135.) Í Gríms sögu loðinkinna segir frá ófrýnlegri tröllskessu sem verður að fallegri konu eftir að Grímur hefur sængað hjá henni (sama rit bls. 124). Greinileg vensl eru hér á milli íslensku og írsku minnanna.

²² Kvæðið ásamt lausamálum er prentað í *Proceedings of the Royal Irish Academy*, Vol 55, sect. C (1958), Gerard Murphy bjó til prentunar (bls. 183–109). Einnig prentar Murphy kvæðið án lausamála í *Early Irish Lyrics*. Oxford: Clarendon Press, 1956. (bls. 74–83).

²³ *TMM* 1964:4, bls. 392–402 (bls. 396).

²⁴ Niall Ó Dónaill, *Foclóir Gaeilge-Béarla*, Dublin 1972. Joseph Vendyses, *Lexique étymologique de l'irlandais ancien*, Dublin og París 1959–1981, telur upprunalega merk-

Corcu Chonluain, og bendir því ekki sérstaklega til að nafnið Melkorka vísi til ættflokks Líadan. Hitt er aftur á móti vel hugsanlegt, að það hafi verið Melkorka sjálf sem flutti með sér kvæðið um Líadan og Cuirithir til Íslands og að Guðrún hafi numið það af henni. Ef svo væri hefðu þau Kjartan kunnað það bæði.

Sagan um Líadan og Cuirithir, *Comracc Líadaine ocus Chuirithir*, er varðveitt í tveimur 16. aldar handritum. Málvarið bendir til þess að það hafi verið ritað á 9. öld, en efnið er e.t.v. eldra, því skáldkonan Líadan er sögð hafa verið uppi snemma á 7. öld. Sagan er gefin út af Meyer (1902),²⁵ en harmkvæði Líadan úr sögunni er prentað í útgáfu Murphys, *Early Irish Lyrics*, næst á eftir kvæðinu um Kerlinguna af Beare.²⁶ Samkvæmt Gísla Sigurðssyni hefur verið bent á söguna um Líadan og Cuirithir sem fyrirmynd Kormáks sögu, þótt Einari Ólafi Sveinssyni hafi fundist sögurnar harla ólíkar.²⁷

Líadan er heitbundin Cuirithir,²⁸ en rýfur heitið með því að „taka upp höfuðfat nunnu“ (*ro gab caille*), þ.e. að ganga í klaustur. Cuirithir gerist einsetumunkur. Síðar leitar Líadan hans, en hann siglir úr landi; óljóst er hvort Líadan kveður kvæðið sitt áður eða eftir að hann siglir. Hún deyr á steininum þar sem Cuirithir var vanur að biðja bænir sínar. Í kvæðinu eins og það er prentað hjá Murphy eru tíu vísur; þær þrjár vísur sem ég tilgreini hér á eftir eru nr. 1, 5 og 9.

Luidsium didiu co mboí i Cill Letrech i tír na nDéise ina ailithri. Do-luidsí for a iarairsium et dixit:

En hann gerðist pílagrímur og settist að í Cell Letrech í landi Déisimanna. Hún kom og leitaði hans og sagði:

<i>Cen áinius</i>	Engin fróun
<i>in gním í do-rigénus:</i>	það sem ég gerði:
<i>an ro carus ro cráidius.</i>	þann sem ég hef elskað, hef ég kvalið.

ingu vera „hafrar“, og nefnir fleiri dæmi þess að heiti korntegunda hafi verið notuð í yfirfærðri merkingu sem „ættflokkur, þjóð“.

²⁵ K. Meyer, *Líadain and Cuirithir, an Irish Love-Story of the Ninth Century*. London 1902.

²⁶ Gerard Murphy, *Early Irish Lyrics*. Oxford: Clarendon Press, 1956: The Lament of the Old Woman of Beare, bls. 74–83; Líadan Tells of Her Love to Cuirithir, bls. 82–85.

²⁷ Gíslí Sigurðsson, sama rit bls. 96.

²⁸ Í inngangsorðum að harmkvæði kerlingarinnar af Beare er Líadan nefnd *Líadan ben Chuirithir*, Líadan kona Cuirithirs (Murphy 1952, bls. 18).

<i>Mé Líadan;</i>	Ég er Líadan;
<i>ro carussa Cuirithir;</i>	ég hef elskað Cuirithir;
<i>is fíriðir ad-fíadar.</i>	sannara er það en allt sem sagt er.

<i>Ní chela:</i>	Ekki skal því leyna:
<i>ba básium mo chrideserc,</i>	hann var ást míns hjarta,
<i>cía no caraimn cách chena.</i>	þótt fleiri elskaði ég en hann.

Is é, didiu, crád do-ratsi fairsium a lúas ro gab caille.

Þannig var, að hún angraði hann með því að ganga svo skyndilega í klaustur (taka upp *caille*).

Hér fer ekkert á milli mála: í stað þess að svara syni sínum vitnar Guðrún í írskt kvæði. Setningin *Þeim var ek verst er ek unna mest* er nákvæm þýðing á *an ro carus ro cráidius*. Tilvísunarforanafnið *an* merkir hér „þann sem“, „þeim sem“ o.s.frv.; það er ómerkt varðandi fall, kyn og tölu. Sagnirnar *carus* og *cráidius* eru í 1. persónu þátíðar, en smáorðin *ro* veita sögnunum lokið horf: atburðirnir hafa átt sér stað, sögunni er lokið.²⁹

Nú virðist sem íslenska þýðingin víki frá frumtextanum með því að bæta við *verst* og *mest*. En þegar betur er að gáð, kemur í ljós að einmitt þessi mismunur helgast af trúnaði við frumtextann, og það á tvennan hátt. Í fyrsta lagi hafa sagnirnar í írsku setningunni lokið horf eins og fyrr segir (ég *hef* elskað, ég *hef* kvalið), en á forníslensku er horf sagna oftast ómerkt: *ek unna* getur þýtt bæði *ég elskaði* og *ég hef elskað*. Í íslensku þýðingunni er horfinu hinsvegar viðhaldið með því að orðin *verst* og *best* veita báðum sögnunum lokið horf og gegna því sama setningafræðilega hlutverki og *ro ... ro* í írsku textanum.

Jafnframt þessu gegna orðin *verst* og *mest* einnig stílfræðilegu hlutverki. Hin knappa írsku setning er dæmi um *oxymoron*, sem Snorri kallar rehvörf:³⁰ sagnirnar tvær *carus*, *cráidius*, *ég elskaði*, *ég kvaldi*, hafa um leið sömu setningafræðilegu stöðu en gagnstæða merkingu; með orðum Snorra hafa þær „einnar tíðar fall.“ En stílbragðið er í þessu tilfelli einnig skerpt með hljóðlíkingu orðanna, sem hafa sömu upphafsstafi, sömu endingar og svo til sömu sérhljóða (*i* -stafirnir tveir í *cráidius* eru ekki

²⁹ Ég þakka Tadhg Ó hÍfearnáin í írskudeild Háskólans í Limerick fyrir þessar skýringar.

³⁰ Háttatal, bls. 17–19. Snorri notar heitið *rehvörf* fyrir bragahátt þar sem oxymora koma fyrir með mismundi hætti. *Edda; Háttatal*, ritstj. Anthony Faulks, Oxford 1991, bls. 11–13.

bornir fram, heldur gefa til kynna að *d* á milli þeirra sé framgómmælt). Hljóðlíking þessi hefði glatast í orðréttri íslenskri þýðingu: ég elskaði, ég kvaldi. En með því að bæta við *verst* og *mest* tekst þýðanda að endurskapa hinn upphaflega orðaleik.

Setningin *Þeim var ek verst er ek unna mest* er því meðvituð og faguð þýðing á *an ro carus ro cráidius*. Jafnframt er ljóst að spurning Bolla, „Hverjum hefir þú manni mest unnt?“ vísar þegar, á undan svarinu, til þýðingar á írsku kvæðinu. Með öðrum orðum, frásögnin stenst ekki, spurningin og svarið eiga sér tilvist eingöngu í heimi bókmennta. Hin mikla írsku undiralda sem ég hef teiknað upp hér að framan er ekki forsenda frásagnarinnar sjálfar, heldur undirbýr hún jarðveg fyrir skáldskaparverkið Laxdælu, og myndar skilningsramma okkar seinni tíma lesenda. Það er með þessum skilningi á eðli skáldskaparins sem við hverfum aftur að samtalinu fræga heima að Helgafelli.

Ég stend í sporum Bolla Bollasonar: mitt er nú að botna spekingslega, og draga alleinarðlega ályktun um kjarna málsins. Tilvísunin í írsku kvæðið bregður ekki ljósi á það hvort Guðrún hafi einn eða fleiri menn í huga: bæði *þeim* og *an* geta verið í eintölu eða fleirtölu. Svava Jakobsdóttir fór óhefðbundnar leiðir og viðraði þá hugmynd, að Guðrún ætti við sjálfa sig: „Ég var sjálfri mér verst“.³¹ Sú skýring stenst varla miðað við íslensku (*þeim* getur ekki átt við konu), og þótt írsku tilvísunarforafnið *an* gæti verið kvenkyns er hér einnig um ólíklega túlkun á orðum Líadan að ræða. Sverrir Tómasson hefur bent mér á þann möguleika að Guðrún eigi við sjálfan Krist og hafi iðrast þess að hafa of lengi snúið við honum baki.³² Það skemmtilega við tillögu Sverris er að hún ætti einnig við um Líadan; og telja má líklegt að sá skilningur á orðum Líadan hefði höfðað til einsetukonunnar Guðrúnar.³³ En fleiri hliðstæður milli Líadan og Guðrúnar koma hér við sögu. Báðar hafa þær orðið að *kerlingum*

³¹ „Skáldskapur og fræði“, bls. 60.

³² Sverrir Tómasson, einkasamtal.

³³ Rétt er að minnast þess að afstaða einsetukvenna til Krists á miðöldum var oft túlkueð á tilfinningaríku ástarmáli. Til dæmis bera inngangsorð *Þe wobunge of ure lauerd* (Ástarjátning til drottins vors), sem ensk nunna orti snemma á 13. öld, þess vitni að Kristur væri sá sem hún unni mest. Þar er Kristur ávarpaður sem „elskhugi, drottinn, heilari, hunangstár, smyrsl; sætari er minning þín en hunang í munni“ - *Iesu swete iesu. mi druð. mi derling. mi drihtin. mi bealend. mi huniter. mi halwei. sweter is munegunge of þe þen milden o muðe*. (Early English Text Society, Oxford 1958, bls. 20). Athyglisvert er hve lítill merkingarfræðilegur munur er í reynd á enska orðinu *darling* „ástin mín“ og íslenska orðinu *dýrlingur*.

og tekið upp *caille*, eða höfuðfat nunnu. Þá er sláandi hljómlíking milli nafnanna Kjartans og Cuirithir, þótt Kjartansnafnið sé ýmist talið samsvara sjaldgæfu írsku nafni, Cerddád,³⁴ eða vera dregið af afanafninu Mýrkjartani, Muirceartach. Að lokum má benda á lykilatríði í sögunum tveimur: Cuirithir siglir frá Líadan á sama hátt og Kjartan siglir frá Guðrúnu, konan bíður ósigur í viðureign elskenda. Tilvísunin er því hlaðin merkingu sem gefur til kynna að a.m.k. framan af hafa áheyrendur þekkt hina írsku sögu.

Þá má leiða hugann að því hvort Bolli Bollason hafi þekkt kvæðið, hvort móðir hans hafi kennt honum það í barnæsku. Eða var kvæðið fyrir henni öllu fremur hluti af annarri tilveru, öðrum heimi þar sem hún hefði átt barn með Kjartani en ekki Bolla? Það barn hefði getað lært kvæðið af móður sinni og Melkorku föðurömmu sinni báðum. En í þeirri veröld hefði Kjartan ekki siglt án Guðrúnar, og Líadan og Cuirithir átt börn og buru og aldrei ort neitt; og bókmenntir þeirrar veraldar hefðu orðið með öðru sniði.

Í riti sínu *Máttugar meyjar* gerir Helga Kress ráð fyrir að hin þaggaða kvenmenning sé fulltrúi heiðninnar: Eddukvæðanna, völva, tröllskessa og vætta sem kirkjan afneitar. Svo mun hafa verið á ritöld, þegar karlveldið hafði tekið við kristni og gert hana að aðalsmerki sínu. Bók Helgu fjallar einmitt um ritöld, um þá þöggun sem blasir við í handrituðum heimildum, enda er undirtitill bókarinnar „Íslensk fornbókmenntasaga“. En í þeirri þokukenndu sagnfræði sem við skynjum í Laxdælu og öðrum Íslendingasögum er ef til vill hægt að greina annað og eldra viðhorf til kristni, viðhorf hins heiðna íslenska karlveldis þar sem hin þaggaða kvenmenning er fulltrúi sjálfrar kristinnar og leitar samstöðu með undirmálsfólkinu, hinu landlausa, réttlause og mállause. Í uppreisn sinni gegn karlveldinu finnur kvenröddin gjarnan griðastað hjá þeim þjóðfélagshópum sem karlveldið velur sér til fjandskapar. Launin eru að sjálfsögðu útskúfun, eins og bók Helgu skráir miskunnarlaust. Guðrún Ósvífursdóttir ólst upp í heiðni, á tímum þegar rækt við tungumál og trúarbrögð erlendra ambátta hefði falið í sér vissa uppreisn gegn karlveldinu. En hún lifir þau hamskipti sem karlveldið tekur gagnvart kristni: Samkvæmt tímatali Einars Ól. Sveinssonar³⁵ fær Bolli Guðrúnar kristnitökuárið.

³⁴ Helgi Guðmundsson, *Um haf innan. Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan 1997 (bls. 308–309).

³⁵ Laxdæla bls. xlix.

Það eru þessi skipti sem ómerkja síðustu uppreisn hennar, það að gerast einsetukona, að fylgja í fótspor Líadan í klausturlausu landi.

*

Guðrún er kvenskörungur, og verst fimlega, gerir góða tilraun til að svara syni sínum á hans eigin tungumáli með því að skammta eiginmönnum sínum trúverðuga einkunn: „Þorkell var maðr ríkastr ok höfðingi mestr, en engi var maðr gøviligri en Bolli ok albetr at sér. Þórðr Ingunnarson var maðr þeira vitrastr ok lagamaðr mestr. Þorvalds get ek at engu.“ Kvenskörungur er kona sem kann að bregða fyrir sig orðræðu karla. En Bolli sækir á jafnharðan, honum er ljóst að það vantar nafn í þessa upptalningu: „hitt verðr enn ekki sagt hverjum þú unnir mest; þarftu nú ekki at leyna því lengr.“³⁶

Spurningin er ekki aðeins nauðung, hún spyrðir einnig saman ósamstæðar eindir: annars vegar ástina sem hlær að hverjum dilkadrætti, hins vegar virðisaukann, að elska *meir*, að elska *mest*, stefið sem vaknar fyrst í refhvörfum þýðingarinnar og hefur því ekki getað verið í upprunalegri spurningu sonarins. Enda svarar sögupersónan Guðrún ekki þessari merkingarlausu spurningu,³⁷ heldur leyfir kvenröddinni að tala. Hún vitnar í ástarkvæði úr fortíðinni, úr landi konunga og ambátta. Hún segir: Það er gömul saga.³⁸

³⁶ Laxdæla 78. kap., bls 228.

³⁷ Helga Kress (1993, bls. 140) segir: „Ekki er víst að Guðrún viti hvern hún elskaði mest, og hvern næst mest, osfr.“

³⁸ Ég þakka Helgu Kress fyrir gagnrýninn lestur frumdraga að þessari grein og fyrir margar ábendingar sem ég hef notað mér óspart. Einnig þakka ég Gróu Finnsdóttur í Bókasafni Þjóðminjasafns fyrir margan snúning, og Hafðísi H.Vilhjálmssdóttur í Landsbókasafni-Háskólabókasafni fyrir hreinan galdur í útvegum millisafnalána.